


# Skipti milli stærðfræðíafanga á fyrsta ári

Skólaárið 2011-2012



**Nemendur sem ætla á raungreinasvið taka STÆ2A og STÆ2B en nemendur sem ætla á tungumála- og félagsgreinasvið taka STÆ1A og STÆ2R.**

Allar skiptingar milli áfanga þurfa að vera **vel ígrundaðar** af nemendum sjálfum og áhrif skiptanna á langtíamarkmið nemandans í námi þurfa að vera skýr.

**Brautarstjóri raungreinasviðs sér um allar skiptingar nemenda á 1. ári milli stærðfræðihópa, og þar með sviða.**

## Skipti af raungreinasviði yfir á tungumála- og félagsgreinasvið

Vikur 1-6, haustönn    Leyfilegt að skipta úr STÆ2A í STÆ1A, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.

Vikur 7-14, haustönn    Leyfilegt að sækja um að fá að taka lokapróf í STÆ1A í stað STÆ2A. Nemandi situr samt áfangann STÆ2A, vinnur þau verkefni sem þar eru sett fyrir og tekur tímapróf sem lögð eru fyrir þar.

Vika 15-16, haustönn    Nemandi stendur við val sitt, tekur lokapróf í STÆ2A.

Vikur 1-2, vorönn    Leyfilegt að skipta úr STÆ2B í STÆ2R, að teknu tilliti til fjöldatakmarkana.

Vikur 3-14, vorönn    Leyfilegt að sækja um að fá að taka lokapróf í STÆ2R í stað STÆ2B. Nemandi situr samt áfangann STÆ2B, vinnur þau verkefni sem þar eru sett fyrir og tekur próf sem lögð eru fyrir þar.

Vikur 15-16, vorönn    Nemandi stendur við val sitt, tekur lokapróf í STÆ2B.

Endurtökupróf

Nemendur sem þreytt hafa próf í STÆ2A en fallið, geta þreytt endurtökupróf í STÆ1A ef þeir flytja sig yfir á tungumála- og félagsgreinasvið. Sama gildir um STÆ2B og STÆ2R.

## Skipti af tungumála- og félagsgreinasviði yfir á raungreinasvið

STÆ1A er ekki jafngildur STÆ2A, enda eru þeir ekki á sama þrepi. Til að þeir teljist jafngildir þarf nemandi sem setið hefur STÆ1A að skila aukaverkefnum.

- Nemandi sem setið hefur hluta af STÆ1A þarf að skila hluta af þessum aukaverkefnum til að flytjast í STÆ2A.
- Nemandi sem staðist hefur próf í STÆ1A en vill skipta yfir á raungreinasvið þarf að skila þessum aukaverkefnum öllum.
- Nemandi sem þreytt hefur próf í STÆ1A og fallið, getur látið reyna á uppvinningsreglu og setið STÆ2B, ef hann skilar aukaverkefnum. Ekki er mælt með þessari leið.
- Nemandi sem staðist hefur próf í STÆ1A og hefur byrjað í STÆ2R en skiptir svo yfir í STÆ2B þarf að standa skil á aukaverkefnum fyrir fyrri áfangann og einnig tilsvarandi aukaverkefnum fyrir seinni áfangann.

Leyfilegt er að skipta hvenær sem er, því fyrr því betra. Því seinna sem skiptin verða, því stærri og viðameiri aukaverkefni þarf að vinna til að færa nemandann yfir.

Ef nemandi skilar ekki aukaverkefnum **á fullnægjandi hátt** í síðasta lagi tveim dögum eftir að skilafrestur rennur út þarf hann að skipta til baka og taka próf í áfanga tungumála- og félagsgreinasviðs.

## Námsmat og námsframvinda

Vinnueinkunn nemenda fylgir honum yfir í nýjan áfanga við skiptingu.

Nemandi vinnur þau verkefni og situr þau tímapróf sem lögð eru fyrir í þeim áfanga sem hann er skráður í. Ef hann hefur fengið vilyrði fyrir því að taka lokapróf í öðrum áfanga en þeim sem hann situr á hann samt að mæta í tíma og standa skil á þeim námsmats-þáttum sem eru í áfanganum sem hann er skráður í.

## Endanlegt val á sviði áður en farið er á annað ár

Þegar nemandur velja endanlega svið áður en þeir fara á annað ár, en það val á sér stað á vorönn 2012, eiga framangreindar reglur líka við ef þeir hyggjast skipta um svið.

## Sumarskóli 2012

Þeir sem þurfa að fara í sumarskóla eiga að hafa samráð við námsráðgjafa og brautarstjóra raungreinasviðs áður en þeir skrá sig í sumarskólann.

Akureyri 14. september 2011